

Níundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 11. september 2025, klukkan 20:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verða það mál nr. 8 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Viðauki II

Viðauki II við fjárhagsáætlun 2025 lagður fram.

Með viðaukanum er samþykkt 14.6 m.kr. hækkun í hreinlætismálum.

Samþykkt samhljóða.

2. Sorpmál

Eyja- og Miklaholtshreppur hyggst endurnýja búnað sveitarfélagsins sem notaður hefur verið til söfnunar á landbúnaðarplasti, en sveitarfélagið lagði á sínum tíma til gáma í þessu skyni. Nú er komið að endurnýjun gámana og hefur sveitarfélagið skoðað aðrar lausnir sem eru umhverfisvænni, einkum í því skyni að minnka líkur á að plast fjúki úr gámum og geti betur stuðlað að mögulegri endurvinnslu. Gámarnir verða því aflagðir til plastsöfnunar og einungis verður boðið uppá að sækja plastkubba.

Í ljósi framangreinds ætlar sveitarfélagið að fjárfesta í plastpressum sem leysa munu gámana af hólmi. Þeir rekstraraðilar sem í dag eru með plastgáma eiga þess kost að fá plastpressu frá sveitarfélaginu. Aðilar í atvinnurekstri í sveitarfélaginu sem safna þurfa plasti hafa sömu möguleika á að fá plastpressu en aldrei fleiri en eina á hvern rekstraraðila.

Til að fá slíka plastpressu frá sveitarfélaginu þurfa viðkomandi aðilar að undirrita samning, fyrir pöntun plastpressunnar, sem inniheldur eftirfarandi skilmála:

- Plastpressurnar verða í eigu sveitarfélagsins.
- Viðtakandi plastpressu skal annast uppsetningu og viðhald hennar án endurgjalds frá sveitarfélaginu.
- Skilyrði er að plastpressan verði staðsett innandyra árið um kring.

Oddvita falið að fullvinna samning milli sveitarfélags og notenda og auglýsa verkefnið.

Samþykkt samhljóða.

3. Farsældarráð Vesturlands

Fyrir liggur beiðni um aðkomu Eyja- og Miklaholtshrepps að Farsældarráði Vesturlands, ásamt drögum að verklagsreglum, skipulagi og samstarfsyfirlýsingu Farsældarráðs Vesturlands sem að fyrirhuguð er að stofna formlega 24. september 2025.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða þátttakandi í stofnun Farsældarráðs Vesturlands.

Tilnefna þarf fulltrúa sveitarfélagsins í Farsældarráð og einn til vara. Oddviti kjörinn aðalfulltrúi sveitarfélagsins og varaoddviti til vara.

4. Brunavarnir

Sveitarfélaginu barst erindi frá Slökkviliði Borgarbyggðar þar sem ítrekuð var þörf á öruggri vatnsöflun til slökkvistarfa.

Oddvita falið að vinna málið áfram í samstarfi við Slökkvilið Borgarbyggðar.

Rætt var um brunavarnarátak innan sveitarfélagsins. Oddvita falið að vinna tillögu að átaki og leggja fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

5. Fundargerð 19. fundar Skóla- og fræðslunefndar Stykkishólms

Fundargerð lögð fram.

6. Fundargerð 20. fundar Skóla- og fræðslunefndar Stykkishólms

Fundargerð lögð fram.

7. Fundargerð 983. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

8. Trúnaðarmál

Fundi lokað. Mál fært í trúnaðarbók.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin, samþykkt og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 21:15.

Undirritunarsíða

Herdís Þórðardóttir

Veronika G Sigurvinsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Pröstur Aðalbjarnarson

Sigurbjörg Ellen Ottesen